

Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík

Hverfisgötu 69 • 101 Reykjavík

Sími 551 2617 • Farsími 864 2617

Netfang: orlofh@simnet.is

Veffang: [orlofrvk.123.is](http://www.orlofrvk.123.is)



Pantanir og upplýsingar um ferðir sumarsins

2023

ATHUGIÐ:

Í þessum bæklingi er stytt lýsing á ferðum

Orlofsnefndar húsmæðra í Reykjavík.

Nánari lýsingar er að finna á heimsíðu nefndarinnar:

<http://www.orlofrvk.123.is/>

Dagsferð: Óvissuferð um Ísland 22. Júlí 2023

Lagt af stað frá Umferðamiðstöðinni í Reykjavík, kl. 10:00, og farið verður í óvissuferð um Ísland. Hádegismatur innifalinn.

Verð á mann: 5.000,-

Á heimasiðu orlofsnefndar orlofrvk@123.is er hægt á finna eyðublað til að sækja um ferðir vegna ársins 2023. Vinsamlegast fyllið hana út og sendið okkur, beint frá heimasiðu okkar. Umsóknin berst okkur þá beint og við getum skráð viðkomandi inn í þá ferð sem sótt er um.

Einnig er hægt að sækja um í gegnum síma okkar 864 2627, eða koma eyðublað inn á skrifstofu okkar á Hverfisgötu 69, Reykjavík.

Ferðir erlendis

Upplýsingar fyrir allar ferðir til útlanda eru:

Innifalið í verði er. Flug, flugvallaskattur, gisting í tvíbýli, morgunverður, kvöldmatur, allur akstur og ferðir samkvæmt lýsingu fyrir hverja ferð. Íslensk farastjórn. Skráning á skrifstofu Orlofsnefndar í síma 551-2617 eða í síma 864-2617. Staðfestingargjald kr. 50.000,- greiðist hjá Ferðaskrifstofu G. Jónassonar, sími 511-1515, eða að Vesturvör 34, Kópavogi. Fullnaðargreiðsla 8 vikum fyrir brottför.

Vorferð til Bad Homburg 27.-30. apríl 2023

- 27.04. Flogið með flugi Flugleiða FI-520 kl 07:25 til Frankfurt og lent þar kl. 13:00. Ekið frá flugvelli inn til borgarinnar Bad Homburg, sem er í klukkustundar keyrslu frá Frankfurt. Bad Homburg er með fallegar gamlar byggingar og minnismerki frá gamalli tíð þegar landgreifinn af Hessen-Homburg reði bar ríkjum. Þetta var líka sumardvalastaður þýzkra keisara sem sóttu þar í glæsilegustu heilsulindir Þjóðverja á 19 öld. Þar gustum þar á Hotel Maritim, sem er glæsilegt hótel í miðbæ Bad Homburg, við aðalverzunargötu bæjarins. Eftir að við hófum komið okkur fyrir verður farið í stutta gönguferð um miðbæinn. Sameiginlegur kvöldverður á hoteli.
- 28.04. Frjáls dagur í Bad Homburg. Sameiginlegur kvöldverður á hótehi.
- 29.04. Farið í Rínardalinn og til bæjarins Rüdesheim. Þar förum við í vínsmökkun, enda bærinn og svæðið rómað fyrir vínrækt. Einnig verður gefinn góður tími til þess að litast um í þessum skemmtilega bæ, enda af nágu að taka. Sameiginlegur kvöldverður.
- 30.04. Heimferðardagur. Ekið frá Bad Homburg til Frankfurt og flogið heim með FI-521 kl. 14:05 til Keflavíkur og lent 15:40.

Verð á mann í tvíbýli kr. 90.000,-

Norður Ítalía, Maggiore vatnið 29. maí-05. júní 2023

- 29.05.** Flogið með flugi Flugleiða FI-590 klukkan 08:30 til Milano og lent þar um klukkan 14:45. Þaðan er ekið að bænum Stresa við Maggiore vatnið, sem er næststærsta stöðuvatn Ítalíu og liggur bæði í Ítalíu og Sviss. Þar gistum við næstu sjö nætur á Hótel Regina Palace, sem er meira en 100 ára gamalt glæsihótel, sem hýst hefur kóngafólk og auðmenn og leikara og listamenn allt fram á okkar daga. Kvöldverður á hóteli.
- 30.05.** Skoðunarferð til Milánó þar sem litið verður á helztu kennileiti s.s. óperuhúsið fræga la Scala og Dómkirkjuna. Síðan verður gefinn góður frjáls tími til að skoða sig um í þessari næststærstu borg Ítalíu. Kvöldverður á hóteli.
- 31.05.** Frjáls dagur í Stresa. Tilvalinn til þess að eyða í göngu meðfram vatninu, sitja á kaffihúsi og kynnast heimamönnum. Kvöldverður á hóteli.
- 01.06.** Dagsferð til Sviss. Ekið eftir Lago Maggiore og m.a. komið við í Locarno, sem oft er kölluð „svissneska Monte Carlo“ og Bellinzona. Kvöldverður á hóteli.
- 02.06.** Frjáls dagur í Stresa. Tilvalið að slaka á við sundlaugina. Kvöldverður á hóteli.
- 03.06.** Dagsferð á Maggiore-vatni. Farið verður á siglingu á vatninu til Borromeo eyjanna og og tekið land á helztu eyjunum. Kvöldverður á hóteli.
- 04.06.** Morganinn er frjáls en eftir hádegi er farið í skoðunarferð til Taranto garðanna, sem gerðir voru af Skotanum Neil McEarcharn fyrir bráðum 80 árum síðan og þykja einstaklega fagrir. Kvöldverður á hóteli.
- 05.06.** Brottför frá hóteli kl 12:00 og ekið til Malpensaflugvallar. Flogið heim með FI-591 klukkan 15:45 og lent í Keflavík klukkan 18:00.

Verð á mann í tvíþili: 195.000,-

Elsass hérað í Frakklandi 18.-23. júní 2023

- 18.06. Flogið með Flugleiðum FI-520 kl.07:25 til Frankfurt og lent þar klukkan 13:00. Ekið til Heidelberg og stanzað þar. Gengið um miðbæ borgarinnar og gefinn frjáls tími til að skoða sig um. Heidelberg er heillandi borg, sem er vel heimsóknarinnar virði. Þar er meðal annars að finna elzta og jafnframt einn virtasta háskóla Pýzkalands, sem setur óneitanlega svip á borgina. Ekið áfram til Strassborgar og komið þangað um klukkan 19:00. Gist þar 5 nætur á vel staðsettum hótelum í miðbænum. Sameiginlegur kvöldverður.
- 19.06. Farið í stutta gönguferð um Strassborg. Þetta er falleg og gömul borg þar sem mætast þýzk og frönsk menning enda er borgin á fornú átakasvæði þessara stórpjöða og hefur tilheyrт hvoru ríkinu um sig í gegnum tíðina. Borgin stendur við ána Ill, sem er ein af þverám Rínar. Miðbær borgarinnar er á eyju úti í ánni og er hann allur á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Þar er meðal annars að finna dómkirkjuna, sem eitt sinn var hæzta bygging veraldar og einnig "Litla-Frakkland" (Petite-France), sem er heillandi hverfi byggt gömlum grindarmúrshúsum sem standa við kvíslar Ill. Sameiginlegur kvöldverður.
- 20.06. Farið í skoðunarferð um Elsass-hérað. Meðal annars er komið við í borginni Colmar, þar verður gönguleiðsögn um borgina, og farið í vínsmökkun, enda héraðið viðfrægt fyrir vínrækt sína, og litið við í vínræktarbæjunum Ribauillé og Riquewihr. Sameiginlegur kvöldverður.
- 21.06. Frjáls dagur í Strassborg. Sameiginlegur kvöldverður.
- 22.06. Stutt skoðunarferð um Svartaskóð, fjallendið í SV-Pýzkalandi. Meðal annars skoðað sig um í bænum Gengenbach, sem kallaður hefur verið "perla Svartaskógar". Sameiginlegur kvöldverður.
- 23.06. Ekið um klukkan 11:00 frá Strasbourg til Frankfurt þaðan sem flogið verður til Keflavíkur með FI-523 Kl.17:10 og lent í Keflavík 18:45.

Verð á mann í tvíbýli: 140.000,-

Frakkland/Normandi 16.-21. ágúst 2023

- 16.08.** Flogið frá Keflavík með flugi FI-542 klukkan 07:40 og lent í París klukkan 13:05. Þaðan er ekið til Bayeux í Normandí, þar sem verður gist næstu 4 nætur á Hótel Novotel. Kvöldverður á hótel.
- 17.08.** Fyrir hádegi fórum við í gönguferð um Bayeux, sem er borg með vel varðveittan miðaldamiðbæ og skartar glæsilegri dómkirkju, Notre Dame. Þar er að finna eina af frægustu veggmyndum heims, Bayeux-refilinn sem er frönsk þjóðargersemi og segir sögu orrustunnar við Hastings árið 1066. Þar sem Vilhjálmur bastarður, hertogi af Normandí, lagði undir sig England. Bayeux var fyrsta borgin í Frakklandi, sem bandamenn frelsuðu í seinni heimsstyrjöldinni og slapp óskemmd frá þeim hildarleik. Ólikt öðrum borgunum í Normandí. Kvöldverður á hótel.
- 18.08.** Dagsferð til bæjarins Honfleur. Þetta er líttill hafnarbær sem ýmsir listmálarar hafa notað sem fyrirmund í málverksín og höfnin hefur orðið að vinsælli snekkjuhöfn. Við göngum um gamla bæinn sem hefur haldið í sögulega arfleifð sína. Að heimsækja Honfleur er eins og að ferðast aftur í tímann. Við ökum síðan sem leið liggur með norðurströndinni og komum við á búi þar sem Calvados eplavín er framleitt. Þar fáum við að smakka á eplavíninu þeirra og kynna okkur framleiðsluhætti. Þaðan höldum við síðan heim á leið og komum við í Arromanches og Longues sur Mer, þar sem má enn sjá ummerki innrásarinnar í Normandi og Atlantsmúrsins sk. Kvöldverður á hótel.
- 19.08.** Heilsdagsferð til Mont St. Michael. Mont Saint Michel er lítil kletttótt örfiriseyja út af Normandí, rúmlega einn kílómetra frá norðurströnd Frakklands. Þar var fyrst reist kirkja snemma á 8. öld og munklifi hófst þar á 10. öld. Efst á eynni trúni kirkja frá Vum árið 1000. Það er lítið um pláss á eynni því kirkjur og klaustrið taka bróðurpartinn af öllu landrými. Undir flestum byggingum leynast lög af fornnum kirkjum sem byggðar voru frá 11. öld til 16. aldar og oft hver ofan á aðra, þannig að saga hennar og kristninnar er æði löng. Eyjan var með fyrstu minjunum sem lento á heimsminjaskrá hjá Unesco. Sameiginlegur kvöldverður.
- 20.08.** Haldið til Parísar, þar sem við gistum 1 nótt á vel staðsettum hótel. Þegar til Parísar kemur, byrjum við að fara í stutta skoðunarferð um borgina áður en við innritum okkur á hótel.
- 21.08.** Brottför af hótelinu og haldið til Charles de Gaulle-flugvallar þaðan sem flogið er heim klukkan 17:00 með FI-547 lent í Keflavík klukkan 18:35.

Verð á mann í tvíbýli: 150.000,-



Berlín 15.-19. september 2023

- 15.09. Flogið með FI-528 klukkan 07:35 til Berlínar og lent þar klukkan 13:10.

Berlín höfuðborgar Þýzkalands. Þegar þangað kemur verður farið í stutta skoðunarferð um borgina. Berlín er sú borg Evrópu sem er í hvað örustum vexti. Þetta er svipmikil borg með litríka sögu að bakí. Hún var eitt sinn höfuðborg Brandenborgar og síðar Prússlands. Á árunum 1871 til 1945 var hún höfuðborg sameinaðs Þýzkalands og það hlutverk sitt enduheimti hún svo árið 1990. Berlín var að miklu leyti í rúst eftir hildarleik seinni heimsstyrjaldar og undir lok hennar laust herjum Pjóðverja og Sovéttmannna saman á götum borgarinnar en nú hefur hún að mestu verið endurreist. Á síðstu öld var borginni skipt með mýr milli tveggja ríkja, tveggja hugsjóna og tveggja stórvelda í tæpa þrjá áratugi og má enn sjá merki þessara skiptingar þó þau fari hverfandi. Að skoðunarferð lokinni er haldið á Hotel Park Inn Radisson, þar sem gist verður næstu 4 nætur. Sameiginlegur kvöldverður.

- 16.09. Frjáls dagur í Berlín. Boðið verður upp á gönguferð um gamla miðbæinn, Mitte, fyrir hádegi. Sameiginlegur kvöldverður.

- 17.09. Dagsferð til Szczecin í Póllandi. Szczecin er falleg gömul hafnarborg, sem á sér langa og litríka sögu. Við lok seinni heimstyrjaldar var miðbær borgarinnar rústir einar eftir striðsátökin, en í dag hefur hann verið endurbýggður í anda gömlu borgarinnar. Sameiginlegur kvöldverður.

- 18.09. Ferð til Potsdam. Borgin er höfuðborg sambandslandsins Brandenborgar og var á sínum tíma aðsetur konunga Prússlands og síðar keisara Þýzkalands. Þar byggðu þeir hallir sínar eins og t.d. Sanssouci, höll Friðriks mikla og Cecilienhof, þar sem leiðtogar bandamanna komu saman að lokinni seinni heimsstyrjöld til þess að ræða skiptingu Þýzkalands. Um kvöldið verður farið í siglingu á ánni Spree og kvöldverður snæddur um borð.

- 19.09. Heimferðardagur. Haldir af stað frá hóteli út á flugvöll fyrir hádegi. Brottför með FI-529 kl. 14:10 og lent í Keflavík klukkan 15:50.

Verð á mann í tvíbýli: 110.00,-

Norður England, Manchester 22.-27. september 2023

- 22.09.** Flogið með FI-440 klukkan 08:00 til Manchester og lent þar klukkan 11:50. Ekið þáðan til Jórvíkur (York) þar sem gist verður næstu 3 náetur á vel staðsettum hótelum. Sameiginlegur kvöldverður.
- 23.09.** Litast um í Jórvík, sem er sögufræg og falleg borg með litríkan miðbæ og eina stærstu dómkirkju í norðanverðri Evrópu. Stór hluti gamla borgarmúrsins stendur enn uppi og umlykur miðborgina. Jórvík var höfuðstaður norraenna manna á Englandi og þar kvað Egill Skallagrímsson kvæðið Höfuðlausn á sínum tíma. Sameiginlegur kvöldverður.
- 24.09.** Dagsferð um Jórvíkurheíðar og til Whitby sem er fagur og gamall hafnarbær við strönd Norðursjávar og hefur lengi verið fjölsóttir af ferðamönnum. Þar snæðum við hádegisverð, „fish and chips“ enda er sagt að hvergi á öllu Englandi bragðist þessi rammenski réttur betur en einmitt í Whitby. Sameiginlegur kvöldverður.
- 25.09.** Ekið um Vatnahéraðið, sem er fallegt fjallasvæði á NV-Englandi, þar sem er að finna fógar stöðuvötn sem héraðið dregur nafn sitt af. Það var á sínum tíma innblástur rómatískra skálða, sem kölluðust einu nafni Vatnaskáldin. Komið í lok dags til Manchester þar sem gist verður næstu 2 náetur. Kvöldverður á hótelum.
- 26.09.** Frjáls ðagur Manchester. Sameiginlegur kvöldverður.
- 27.09.** Haldið um klukkan 10:30 til Manchester-flugvallar og flogið heim með FI-441 klukkan 13:00. Áætluð lending í Keflavík klukkan 14:50.

Verð á manni í tvíbýli: 150.000,-

Þýzkalnd, Austurríki og Tékkland 02.-06. nóvember 2023

- 02.11.** Flogið til München með FI-532 klukkan 07:20 og lent þar klukkan 12:05. Ekið til borgarinnar Passau, þar sem gist verður næstu 5 náetur. Passau, sem oft er nefnd þriggja fljóta borgin, því þar renna saman árnar Dóná, Inn og Ilz, er um 50þúsund manna bær. Fallegur miðbærinn liggr á tanga milli stórfjórtanna Dónár og Inn og yfir honum gnæfir tignarleg dómkirkja. Í Passau er virtur og fjölsóttur háskóli og setur það óneitanlega svip sinn á bæjarlifið. Sameiginlegur kvöldverður.

03.11. Farið í dagsferð til Césky Krumlov í Tékklandi. Cesky Krumlov er gömul og fögur borg, sem er á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Gamli miðbærinn er á tanga út í ánni Moldá (Vltava) og það er eins og að detta aftur í aldir að ganga þar um þróngar og bugðóttar götur. Á leiðinni til baka verður ekið um Austurríki og litið við í borginni Linz. Sameiginlegur kvöldverður.

04.11. Farið um hádegi á siglingu niður Dóná inn í Austurríki niður að smáþorpinu Engelhartszell. Hádegisverður um bord. Komið aftur til Passau um klukkan 16:30. Sameiginlegur kvöldverður.

05.11. Frjáls dagur í Passau. Árdegis er boðið upp á gönguferð um gamla miðbæinn. Sameiginlegur kvöldverður.

06.11. Ekið um klukkan 08:30 til München og flogið heim með FI-533 klukkan 13:05. Áætluð lending í Keflavík er klukkan 16:00.

Verð á mann í tvíbýli: 110.000,-

Aðventuferð til Edinborgar 24.-28. nóvember 2023

24.11. Flogið frá Keflavík með FI430 klukkan 07:35 til Glasgow og lent þar kl. 09:50 að staðartíma. Síðan ekið til Edinborgar, höfuðborgar Skotlands. Þar sem gist verður á 3 stjörnu vel staðsett hótelri næstu 4 nætur. Sameiginlegur kvöldverður.

25.11. Gönguleiðsögn ca. 1 ½ tíma um elsta hluta Edinborgar. Frjáls eftirmiðdagur. Tilvalið að líta í stróverzlanirnar á Princes Street, ganga milli vertshúsa og verziana á "Royal Mile", skoða Ediborgarkastala eða bara slappa af og njóta þess að horfa á mannlífið. Sameiginlegur kvöldverður.

26.11. Dagsferð í Skosku hálöndin. Ekið sem leið liggar frá Edinborg og yfir brúna á Forth-firði og um borgina Perth til hálandabæjarins Pitlochry. Þar gerum við góðan stanz og lítum meðal annars við hjá viskí-framleiðanda og fræðumst þar um þessa mikilvægu útflutningsvöru Skota og fáum að smakka á veigunum. Frá Pitlochry er síðan haldið til baka til Edinborgar. Sameiginlegur kvöldverður.

27.11. Frjáls dagur. Sameiginlegur kvöldverður.

28.11. Akstur frá hótelri út á flugvöll. Flug til Íslands er með FI431 kl.12:30 og lent í Keflavík klukkan 15:00.

Verð á mann í tvíbýli: 120.000.-

Åðventuferð til Koblenz 01.-05. desember 2023

- 01.12.** Flogið með flugi Flugleiða FI-520 kl 07:25 til Frankfurt og lent þar kl.12:05. Ekið frá flugvelli til borgarinnar Koblenz, sem stendur við móttó stórfljótanna, Rínar og Mósell. Gist þar næstu 4 nætur á vel staðsettum hóteli í miðbænum þar sem stutt er á jólamarkaðinn og allar helztu verzlanir. Sameiginlegur kvöldverður.
- 02.12.** Fyrir hádegi verður farið í gönguferð um miðbæinn í Koblenz, sem er ein af elztu borgum Þýzkalands, og út á „Pýzka hornið“ þar sem Mósell og Rín renna saman. Síðdegið er frjálst. Jólamarkaðurinn í Koblenz er einstaklega fjölbreyttur og skemmitilegur og „jólahús“ að selja ýmisskonar varning um allan bæ. Auk þess er að finna fjölda verzlana í miðbænum. Sameiginlegur kvöldverður.
- 03.12.** Farið í ferð upp Rínardal þar sem þar sem hann er talinn hvað fugurstur enda er leiðin vörðuð köstulum, þorpum og þjóðsagnastöðum, m.a. Lorelei-kletti þar sem vatnадísin Lorelei heillar til sín þá sem framhjá sigla með söng sínum. Komið við til bæjarins Rüdesheim þar sem farið er í vínsmökkun, enda héraðið víðfrægt fyrir vínrækt, og gefinn góður tími til þess að litast um á jólamarkaðnum þar, sem er einstaklega skemmtilegur. Sameiginlegur kvöldverður.
- 04.12.** Frjáls dagur í Koblenz. Sameiginlegur kvöldverður.
- 05.12.** Heimferðardagur. Ekið frá Koblenz til Frankfurt. Brottför kl.13:05 og flogið heim með FI 521 til Keflavíkur og lent 15:45.


Verð á mann í tvíbýli: 110.000.-





Fullnaðargreiðsla fyrir:

- Munið eftir gildum vegabréfum í utanlandsferðum.
 - Forfallatrygging er ekki innifalin í staðfestingargjaldi.
 - Ferða- og forfallatryggingar eru á eigin ábyrgð.
 - Vinsamlegast athugið að breytingar geta orðið á skoðunarferðum vegna veðurs.
 - Skatta- og gengisbreytingar gætu breytt auglýstu verði.
 - Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík og Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar bera ekki ábyrgð á töfum eða breytingum á ferðaáætlun vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna. Ósíða er í almenna ferðskilmála á heimasiðu ferðaskrifstofunnar.
 - Hafið ætíð evrópskt sjúkratryggingakort „E-111“ frá Sjúkratryggingum Íslands meðferðis í utanlandsferðir.
 - Konur sem búa í öðru sveitarfélagi en Reykjavík geta farið í ferðir, en verða sjálfar að sækja um niðurgreiðslu til orlofsnefndar í sínu umdæmi.
 - Staðfestingargjald vegna ferða þarf að greiða innan viku eftir að þátttaka hefur verið samþykkt. Verði gjaldið ekki greitt innan þess tíma fellur pöntunin niður. Gengið skal frá fullnaðargreiðslu ferðar á viðkomandi ferðaskrifstofu, nema annað sé tekið fram.
 - Vinsamlegast boðið forföll eins skjótt og auðið er. Endurgreiðslur eru samkvæmt almennum ferðaskilmálum á heimsiðu viðkomandi ferðaskrifstofu.
 - Pær konur, sem ætla að nýta gjafabréf Icelandair, þurfa að afhenda það þegar staðfestingargjald er greitt og ekki síðar en 8 vikum fyrir brottför. Gjafabréf er ekki hægt að nota upp í greiðslu staðfestingargjalds. Eingöngu er heimilt að nota eitt gjafabréf í hverja ferð. Ekki er hægt að framvísa gjafabréfi eftir að farseðill hefur verið gefinn út.
-



Litróf – vistven prentsmiðja

